„Þegar ég var tíu ára byrjaði ég á leiklistarnámskeiðum hjá Bjarleikhúsinu í Mosfellsbæ. Ein af minum bestu vinkonum í dag, Hreindís Ylva, skráði með öð þá má í raun segja að hún hafi henti mér út í þetta. Ég var ótrúlega feimin en mig langaði samt alltaf innst inni að prófa. Það varð úr og það var ekki aftur snúið.“

Fyrsta sýningin mín var Oliver Twist og



Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mofellingur.is

siðan þá hef ég tekið þátt í ýms námskeiðum og uppfærslum. Ég lék í Annie í Austurbæ, Skilaboðaskjóðunni í Þjóðleikhúsinu og svo lék ég í Söngvaseiði (Sound of music). Ég lék næst elstu stelpuna sem hét Lovisa Von Trapp. Þaðan lá leið mín á Broadway þar sem ég söng Michael Jackson þegar hann var litill.“

Komu mér virkilega á óvart

„Ég útskrifaðist úr Lágafellsskóla vorið 2009. Á lokarámi mínu er ég formaður nemandaráms samlíða Söngvaseiðsútskýrtnu. Það var mikið að gera hjá mér, útskriftin í skólanum og sýningin fóru fram á sama tíma og því mættu skólastjórnendur og kennarar upp í Bjarleikhúsið til að útskrifa mig eftir sýningu. Þau komu mér virkilega á óvart og mér þótti ótrúlega vænt um að þau skyldu gera þetta svona. Þau stóðu allan tíman þétt við bakíð á mér og það var gott að finna þann stuðning.“

Get ekki fundið betri skóla

„Ég hóf nám í Verzlunarskóla Íslands og hefði ekki getað valið betri skóla til að sinna leiklistarbakteríunni. Ég tók þátt í þremur uppfærslum þar, Draumnum, Búgus Malone og We will rock you.“

Ég tók tvisvar sinnum þátt í Verzlo vælinu sem er undankeppni fyrir söngvakeppni framhaldsskólanna og í bæði skiptin lenti ég í 2. sæti.

Ég útskrifaðist úr skólanum vorið 2013 af félagsfræðibraut.“

» **Við förum út 13. maí og verðum í tíu daga og hver dagur verður þaulskípuلاغður.**

Tök hlé frá máni

„Þeir fóru á leiðin í Zóru í Smáralind þar sem ég starfaði í eitt ár. Sumarið 2014 fór ég svo í þrúfu fyrir Ronju Ræningja-“

HIN HLIÐIN

Hvað er besta ráð sem þú hefur nýtt þér? Að vera ég sjálf og ekki nein önnur en ég er.

Fallegasti staður í Mosfellsbæ?

Mosfellsdalurinn, þar sem Hreindís vinkona á heima. Það er svo ótrúlega fallegt og hljótt í kringum mann.

Hvaða freistingu stenst þú alls ekki?

Kök, ég drekk eiginlega alltof mikið af því.

Upphaldsmatur? Alls konar kjúklingaréttir eru í upphaldi hjá mér.

Hvað heillar þig í fari líflok?

Heiðarleiki og einlægni.

Besta biðmyndin?

Sound of Music.

Hvar á heimilinu er þinn upphaldsstaður?

Ætli ég segi ekki bara herbergjið mitt þar sem ég loka mig oft af til að hlusta á tónlist og gleymi mér í marga klukkutíma.

Ertu A eða B manneskja?

Ég er B manneskja.



dóttur sem var sýnt í Bjarleikhúsinu og var ráðin í hlutverk og við frumsýndum í lok september.

Háusti 2014 byrjaði ég í Háskóla Íslands í kennaranámi og ákvað að sérhæfa mig í tónlist, leiklist og dansi. Ég kláraði fyrstu ömína en svo tók Eurovision ævintýrið við eftir jölm og þegar þau var ljóst að ég var í leið til Vínar þá tók ég hlé frá námi.“

Veru ill saman í Verzlo

María söng lagið Litil skref eða Unbroken í Söngvakeppni sjónvarpsins en lagjó er eftir Ásgeri Orra Ásgeirsson, Pálma Ragnar Ásgeirsson og Sæþór Kristjánsson, meðlimi Stop Wait Go. Lagsmiðari eru þeirra aðalstar og hafa verið síðustu ár.

Þeir félagar komu fyrst augs á Maríu þegar þau voru öll saman í Verzlo og hafa þeir síðan fengið hana til að syngja fyrir sig í ýms konar verkefnum.

Tilfinningin var óljánsleg

Ég spurdi Maríu hvernig henni hafi líðið eftir að það var ljóst að hún hefði unnið keppnina? „Tilfinningin var óljánsleg, ég trúði þessu engin vegin enda leyndu við höfðun sér ekki á sviðinu. Ég bjóst aldrei við að vinna þessa keppni þar sem ég kom inn allveg óþekkt og þarna var líka mikið af hæfileikaríki fólki að keppa. Þetta Eurovision-ævintýri hefur verið draumi líkast.“

Upphitun fyrir Vin

„Strax eftir keppnina fór undirbúningur á flug. Við höfum æft á fullu, stífar söngfangar og eins æfum við hreyfingar. Það er svo margt sem þarf að huga að fyrir svona keppni, fítni, hárið, fíðun og margt, margt fleira. Við höfum einnig verið mikið í viðtölum og myndatökum bæði hér heima og erlendis.“

Ég fer til Rússlands núna 23. apríl til að syngja á stórum Eurovision-tónleikum. Það verður fin upphitun fyrir Vin.“

Hlakka til að syngja fyrir alla Evrópu

„Við förum svo út 13. maí og verðum í 10 daga, hver dagur verður þaulskípuلاغður. Ég hlakka rosalega til og get bara ekki beðið eftir að fara út og syngja fyrir alla Evrópu,“ segir María að lokum er við kvæðumst.



Fjalskyldan í Fálkahlöðunum: Ólafur, Sigurbjörg, Anna, María og Ardís.



Myndir: Ruth Örnólfs, Helena Sævarsdóttir og úr einkasafni

VORTÓNLEIKAR 2015

„Vorið er komið og grundirnar gróa.....“

KARLAKÓR KJALNESINGA

Undir stjórn Örlygs Atla Guðmundssonar



Norðurljósasal Hörpu

Laugardaginn 25. apríl kl. 16:00

Andrea Gylfadóttir



Lög með Todmobile, Caruso og sígild karlakóralög

Hljóðfæraleikur:

Birgir Baldursson

Jón Elvar Hafsteinsson

Jón Rafnsson

Kjartan Valdemarsson

Einsöngur:

Jóhannes Freyr Baldursson

Ólafur M. Magnússon

Miðasala á midi.is og harpa.is

Miðaverð 3900



Smyrlar í ofurgóðri útilegu

Fálkaskátasveitin Smyrlar í Mosverjum fór á Úlfliótsvatn í sveitaútilegu helgina 10-12. apríl.

Í Smyrlum eru stelpur á aldrinum 10-12 ára. Mikió fjóra var í útilegunni sem var í ofurhefjuþema. Skátarnir mættu því í ofurhefjuþingum og nutu helgarinnar í botn. Í skátaferðum sem þessum er ýmislegt skemmtilegt gert.

Nú um helgina var gert skýli í skógnum, pizzur eldaðar úti og sigió úr klífurturnin-



um þrátt fyrir stormviðvörum. Farió var í ofurspennandi næturleik á laugardagskvöldinu þar sem skátarnir björguðu úbreyttum borgara sem var fangi illrar ofurhefju.

Í næturleiknum purftu skátarnir að leysa ýmsar þrautir og leysa dulmál auk þess að rata um Úlfliótsvatn í myrkt. Einn flokkur gisti úti í tjaldri fyrri nóttina og létu þær smá stjón og rok ekki stoppa sig. Ofurgóú útilega að haki og stelpurnar í Smyrlum hlakka til að fara í næstu ferð.



Frá vinstri: Andrea Jónsdóttir, fráfarandi formaður karatedeildar Aftureldingar, Anna Olsen, núverandi formaður, Sensei Willem Verheul, yfirþjálfari karatedeildar Aftureldingar og Fjölónis, Sensei Steven Morris, Sensei Colin Brown og Sensei Paul Lapsley.

Karateveisla að Varmá

Karateeildir Aftureldingar og Fjölónis endu til æfingabúða og æfingamóts helgina 27. - 29. mars í nýjum bardagasal Íþróttamióstöðvarinnar Varmá.

Tílefnió var heimsókn Sensei Steven Morris, 7. dan, frá Skotlandi. Með honum í för var Sensei Paul Lapsley, 5. dan, en þetta var hans fyrsta heimsókn til Íslands. Æfingabúðirnar voru í sem opin æfing fyrir alla iðkendur deildanna og beltapróf.

Á fístudagskvöldinu voru haldnar þjálfarábúðir fyrir brún- og svartbeltara 14 ára og eldri. Um þrjátíu iðkendur mættu til leiks þetta kvöld en þar af áttu 8 iðkendur að taka svartbeltispróf næsta dag. Farió var yfir áherslubreytingar á Shukokai formi í kata og framkvæmd á sjálfsvarmarteiki á púöum.



Matthías Eyfjörð og Hafnríkel Haraldsson, sem náðu dítanganum Shodan-Ho, svörtu belt

Bardagasalurinn sannar gildi sitt

Á laugardegnum fóru fram æfingabúðir fyrir alla aldursþópa. Bardagasalurinn í Varmá rúmaði ágætlega yfir 100 iðkendur sem mættu til leiks að morgni en undir hádegi lauk þátttöku þeirra yngstu, 7 ára og yngri, sem hlutu mikió löfakapp eldri iðkenda þegar nöfn þeirra voru kölluð upp til staðfestingar á prófi. Yfir stutt hádegisléldu æfingabúðirnir áfram eða til kl. 15.00 þegar um 50 iðkendur til viðbótar fengu staðfestingu á beltaprófi. Síðasti hluti æfingabúðanna var svo fram síðdegis þegar átta iðkendur þreyttu svartbeltispróf. Þennan dag eignaðist karateeild Aftureldingar tvo nýja svartbeltara, þá Hafnríkel Haraldsson og Matthías Eyfjörð, sem luku sínum prófum með miklum ágætum.

Á sunnudeginum var efnt til Kobe Osaka æfingamóts. Auk keppenda frá karateeildum Aftureldingar og Fjölónis tóku þátt keppendur frá karateeild Leiknis sem og tveir iðkendur frá Skotlandi. Keptt var í aldursflokkum í hóþ- og einstakingskata og kumite, en alls tóku um 70 keppendur þátt. Mikil stemning var á mótinu enda iðkendur í góðum gir eftir æfingar helgarinnar.

Reynslumikill kennari í heimsókn

Það var vel við hæfi að flagga skoskum fánati til hlíðar við þann íslenska í bardagasal Varmá þessa helgi. Þetta var tíunda heimsókn Sensei Steven Morris til Íslands en það hefur gríðarlegt gildi fyrir bæði þjálfara og iðkendur deildanna að fá svo reynslumikill kennara í heimsókn.

Sensei Paul Lapsley er ennfremur þekktur fyrir færni sína í bardagatækni og hefur hann m.a. unnió til skosku BAFTA verölaunnanna fyrir leik sinn í kvikmyndum. Auk hans var þriðji kennarinn með í för, Sensei Colin Brown og ofangreindir iðkendur, sem tóku ekki aðeins þátt í mótinu á sunnudegi heldur einnig æfingabúöum á fístudag og laugardag.

Vert er að taka fram að fjöldi sjálfbólaða frá deildum þegga félaga sem og foreldrar iðkenda tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd æfingabúðanna og mótsins. Án þeirra hefði ekki verió unnt að standa að þessum glassilega viðbúri.



Fræðslufundur Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar og Mosfellsbær efna til fræðslufundar um skógræktarmál þriðjudaginn 5. maí klukkan 17.00. Fundurinn verður haldinn í hlíðarsal við Bókasafn Mosfellsbæjar (Fiskabúrinu) í Kjarina.

Á fundinum mun Björn Traustason sérfræðingur í landfræðilegum upplýsingakerfum hjá Rannsóknarstöð skógræktar að Mógilsá halda erindi um endurkortlagningu náttúrulegs birkis á Íslandi þar sem farió verður yfir þær breytingar sem hafa orðió á útbreiðslu birkis síðustu áratugi.

Auk þess munu Bjarni Ásgeirsson garðyrkjustjóri Mosfellsbæjar, Tómas G. Gíslason umhverfisstjóri Mosfellsbæjar og Guódrún Birna Sigmarsdóttir nýr verkefnastjóri í garðyrkjudeild ræða stuttlega um þau verkefni sem eru í gangi í Mosfellsbæ og svara fyrirspurnum um gróður og garðyrkju í Mosfellsbæ.

Allir áhugasamir velkomnir, heitt á könnunni.



bílar til sölu

bilasolur.is



VEFVERSLUN
www.esjadekor.is



FRÍ HEIMSENDING
AÐEINS Í MOSFELLSBÆ!
EF VERSLAÐ ER FYRIR KR.10.000 EÐA MEIRA

Látið vita í athugasemd þegar þið
pantið að þið óskíð eftir heimsendingu
og við keyrum pöntunina upp að dyrum!

info@esjadekor.is - 6987911/6997911



TAKE AWAY
TILBOÐ!



Hvíti
Riddarinn



FACEBOOK.COM HVITIRIDDARINN

566 6222

TILBOÐ 1

ÞÚ SÆKIR PIZZU AF MATSEDLI OG OSTBRAUDSTANGIR OG
ÞÚ FÆRÐ ADRA PIZZU AF SÖMU STÆRÐ FRÍTT MED.

TILBOÐ 2

16" PIZZA MED 2 ÁLEGGSTEGUNDUM OG
12" HVÍTLAUKS/KRYDDBRAUD
2.590 KR.

TILBOÐ 3

16" PIZZA MED 2 ÁLEGGSTEGUNDUM
1.890 KR.

TILBOÐ 4

4 OSTBORGARAR MED FRÖNSKUM OG 2L GOS
4.290 KR.



BRIGGJA ÁRA STYRKAR-
SAMNINGUR HANDSALAÐUR

Gluggavinir Aftureldingar

Gluggavinir ehf. og knattspyrnueldil Aftureldingar gengu á dögum frá veglegum styrktarsamningi til Briggja ára.

Þeir félagar í Gluggavinum hafa mikinn áhuga á knattspyrnu og eru uppaldir Keflvíkingar. Þeir hafa heillast af þeirri uppbyggingu sem á sér stað víðsægar í Mosfellsbæ og hyggja á markaðssetningu á vörum sínum en þeir eru sérhæfir í gluggum og hurðum. Knattspyrnustarf Aftureldingar mun njóta góðs af áformum þeirra og eru þeir boðnir hjartanlega velkomnir í góðan hóp styrktaraðila íþróttastarfs Mosfellsbæjar.

Ísak Snær á reynslu til Norwich

Ísak Snær Þorvaldsson leikmaður Aftureldingar fór á dögum á reynslu til enska félagsins Norwich.

Ísak Snær er á eldri ári í 4. flokki en hann er fæddur árið 2001 og fór í fylgd föður síns, Þorvalds Ágæisssonar.

Norwich er gamalgrönn bær á austurströnd Englands og er höfuðborg Norfolksýslu. Fyrr á öldum var Norwich stærsta borg Englands á eftir London og á sér langa og fróðlega sögu. Knattspyrnulíð borgarinnar leikur í Championship-deildinni sem er næst efsta deild í enska boltanum en hefur af og til leikið í efstu deild, síðast í fyrra.



EFNILEGUR
KNATTSPYRNUKAPPI

Arnór Gauti aftur á leið til Brighton

Mosfellingurinn Arnór Gauti Ragnarsson sem nú leikur með Breiðabliki er á næstu dögum á leið á reynslu í annað sinn til knattspyrnufélagings Brighton.

Arnór Gauti sem er 18 ára gamall er uppallinn hjá Aftureldingu en samdi í haust við Breiðablik sem leikur í Pepsideild. Hann fór í haust á reynslu hjá Reading og Brighton sem bæði spila í 1. deildinni á Englandi. Arnór Gauti spilaði æfingaleik með U18 ára liði Brighton í 4-1 sigri á Brentford og gerði sér lítið fyrir og skoraði öll fjögur mörk liðsins í leiknum.



ÍSLANDSMEISTARAR
Í 3. FLOKKI KARLA

Efnilegir yngri flokkar í blakinu • Gull, silfur og brons

Góður árangur á Íslandsmótinu

Það hefur ýmislegt drifíð á dagana í blakinu frá síðasta Mosfellingi. Nýfastaðir er Íslandsmót 2. og 3. flokks sem haldið var á Akureyri 21. og 22. mars. Árangur liðanna var góður, 2. flokks lið strákanna náði silfursæti, annað stúlknaðið náði 3. sæti og strákarnir í 3. flokki urðu Íslandsmeistarar. Sem sagt gull, silfur og brons hjá fjórum liðum.

Góð uppskara vetrarins

Blaksamband Íslands veitti á dögum verðlaun fyrir árangur vetrarins í Mizuno-deildum karla og kvenna. Bestu leikmenn voru valdir Zaharina Filipova Filipova úr Aftureldingu og Lúðvík Már Matthíasson úr HK. Blaksambandið velur í lið ársins við þetta tækifæri og í kvennaliðinu á Afturelding 5 af 6 leikmönnum, þær Zaharina Filipova Filipova, Fjóra Rút Svavarsdóttir og mægurnar Miglena, Velina og Kristína Apostolova. Þá var efnilegasti leikmaður karlaldeldarinnar valin Kolbeinn Tómas



KOLBEINN VALINN
EFNILEGASTUR

Jónsson Aftureldingu.

Framundan eru svo úrslit um Íslandsmeistaratalitilinn í meistaraflokki kvenna þar sem Afturelding glímur við HK. Íslandsmót fyrir 4. og 5. flokk verður haldið í Kórnum í Kópavogi 9. til 10 maí og verða lið frá Aftureldingu á meðal þátttakenda. Þá eru krakkarnir úr 3. flokki að fara í æfingabúðir til Danmerkur þar sem æft verður með danskum ungmennum.



3 FLOKKUR KVENNA
MED BRONSMEDALIU




STRÁKARNIR Í 2. FLOKKI
LENTU Í 2. SÆTI Í VETUR



ÍBKENDUR Í 5. OG 6. FLOKKI
ÁSAMT ÞJÁLFRUM SÍNUM

www.yummy.is

GÓÐUR
THAILENSKUR MATUR



www.ban thai.is

www.yummy.is

www.yam.is



International Football Academy



Afturelding í samstarfi við Þór
kynnir fimmta árið í röð

Knattspyrnuskóli Liverpool á Íslandi 2015

Fyrir stráka og stelpur í 3.- 7. fl. (6 - 16 ára)

Þjálfarar frá Liverpool FC
Íslenskir aðstoðarpjálfarar
Serhópur fyrir markmenn

Mosfellsbær 11. - 13. júní
Akureyri 14. - 16. júní
Frá 10:00 til 15:00 alla 3 dagana

Verð kr. 23.500
10% systkinaafsláttur
Innifalið: Avaxtandi,
heiltur hádegisverður og LFC fótbolti



Takmarkaður fjöldi þátttakenda

Skráning á afturelding.felag.is
Allar frekari upplýsingar á
fotbolti@afturelding.is og í síma 695 2642



Gleðilegt sumar

Samfylkingin óskar Mosfellingum gleðilegs sumars.



Minum á kaffihlaðborðið
1. maí í Samfylkingarsalnum
Þverholti 3 kl: 15-17.

Allir velkomnir!



Samfylkingin
Mosfellsbæ



Við erum í humarskapi



Fiskbúðin Mos

Háholt 13-15 • Sími 578 6699

STÓR HUMAR AÐEINS 5.500 KR/KG





@**rysaork** Slökkviliðsmaðurinn Flóki
#mosfellingur





@**ellagudny** Áhugavert blað að vanda :)
#mosfellingur #hlölinnminn #hlöðvergunnar



@**kristinrey03** Kjörísmeistarar í 2. deild í blaki
#afturelding #mosfellingur #blak #volleyball

Deildu myndunum þínum með okkur á Instagram

 #mosfellingur



@**kristinaapostolova** Bikarmeistarar!
#volleyball #iceland #afturelding #mosfellingur



@**herraegill** Skoðuðum í dag nýja slökkvistöð í Mosfellsbæ. Fallega mamma komst skrefi nær gömlum draum en fannst hjálmurinn full þungur. #mosfellingur



@**stefianiamv** Þessi náttúruperla er einungis í fimm mínútna göngufæri frá heimilinu okkar #mosfellingur



@**svaval1** Nýjstu og hörðustu Mosfellingarnir styðja auðvitað sína menn í Afturelding #teamsprey



@**kolbrunp** Veturinn #iceland #nature #winter #snow #cold #tree #mosfellsbær #march #mosfellingur



@**selmablondal** Litla dúllan mín þínu feiminn með þetta í andlitinu en var svo ánaðg með SPIDERGIRL búninginn sinn, sem hún vill helst nota alla daga :)



@**kristinrey03** Glæðbeitar samstarfskonur úr Mosfells apóteki þegar það var og hét í Mosfellsveit.



@**mattaosk** Norðurlandásýning
#fereyjar #lágó #mosfellingur



@**heidrun_jona** Hættulegur leikvöllur á eftir ár og ekkert ger!!! #mosfellingur

Matjurtagarðar í Mosfellsbæ

Búið er að opna fyrir umsóknir um matjurtagarða í Mosfellsbæ

Matjurtagarðar bæjarins verða sem fyrr staðsettir í Skarhólamyri, á sama stað og garðar hafa verið til útleigu undanfarin ár. Aðgengi að vatni verður við garðana. **Staðsetningu garða og fyrirkomulag má sjá á meðfylgjandi korti.**

Leiguverð fyrir matjurtagarða er óbreytt, eða 2.500 kr. fyrir 50 fm garð og 5.000 kr. fyrir 100 fm garð.

Þeir sem óska eftir því að leigja áfram sama garð og í fyrra eru beðnir um að staðfesta leiguna með greiðslu fyrir 11. maí. Eftir þann tíma verða allir garðar leiðir út til Mosfellinga skv. biðlista.

Þjónustuver Mosfellsbæjar, 2. hæð, Þverholti 2, annast eins og áður móttöku umsókna og tekur við greiðslum. Hægt er að hafa samband við þjónustuver Mos-

fellsbæjar í síma 525 6700 eða í gegnum netfangið mos@mos.is með ósk um að komast á biðlista um matjurtagarð.

Garðar verða tilbúnir til notkunar laugardaginn 23. maí n.k.

Ef þörf er á verður mögulegt að úthluta matjurtagarðum austan Varmárskóla eins og áður. Einnig eiga íbúar í Mosfellsbæ möguleika á að fá leigða matjurtagarða á vegum Reykjavíkurborgar í Skammadal. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar sér um útleiguna og geta áhugasamir sett sig í samband við þóru Jónsdóttur umsjónarmann matjurtagarða í Reykjavík í síma 411 1111, eða í netfangið matjurtagardar@reykjavik.is, og látið skrá sig á lista með ósk um garð. Taka þarf fram að viðkomandi sé íbúi í Mosfellsbæ.



MOSFELLSBÆR



Umhverfisvið Mosfellsbæjar

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

GLEÐILEGT SUMAR

WWW.ARTPRO.IS



VIÐ PRENTUM **FYRIR ÞIG**



ARTPRO Prentþjónusta | Háholti 14 | Mosfellsbæ | Sími: 520 3200 | artpro@artpro.is | www.artpro.is



KLEINUHRINGIR

Nýleg frétt um að bandarískt kleinuhringjaframtæki ætlaði að opna 16 staði á Íslandi vakti athygli. Margir biða spenntir, aðrir minna. Ég er ekki spenntur. Við þurfum ekki fleiri staði sem selja óhölustu. Við eigum aldreiills nóg af þeim. En ég er bjartsýnn. Ég trúi því að Íslendingar munu ekki gleypja við glássúsmúr-um hveitihringjum. Mígulega fyrstu helgina, þá fáum við nýjungabíðræðir, sjónvarpsviðtöl og þakkarorð frá fyrirtækinu sem vill selja okkur vöru sem inniheldur yfir 30 efni, sykurl, hveiti, ódýra olíu, gervisetufni og ýmislegt fleira áhugavert.

Það bara gengur ekki upp að íbúar þjóðar sem kvarter stöðugt yfir heilbrigðiskerfinu, taki ekki ábyrgð á eigin heilsu. Með því að kaupa þjónustu af fyrirtækjum sem selja næringarlausu óhölustu, erum við um leið að auka álagið á heilbrigðiskerfið. Auka skattþyðri samborgaranna. Auka álagið á lækna, hjúkrunarfræðinga og aðra sem vinna við heilbrigðisþjónustu. Við erum eiginlega að gefa skit í samfélagið, varpa ábyrgðinni frá okkur sjálfum yfir á aðra. Sú hugsun að ég geti gert hvað sem er, það munni alltaf einhver koma til bjargar, er röng. Við verðum að taka ábyrgð.

Þeir sem eru heilbrigðir eiga að gera allt sem þeir geta til þess að halda sér hraustum. Borða góðan mat, hreyfa sig reglulega, sofa vel, hugsa vel um sjálfa sig. Þá getur heilbrigðiskerfið sem við öll viljum að sé sem öflugast, einbeitt sér að því að sinna þeim sem virkilega eru veikir og þurfa á þjónustu að halda í stað þess að þurfa í síauknum mæli að sinna lífsstíllsjúkdómum. Þetta er að mínu mati öflugasta leiðin til þess að styrkja heilbrigðiskerfið - að ég og þú hættum að rusla í okkur ónærningu og leggjum metnað í að auka heilsuhreyftri okkar. Við gerum það ekki með því að borða kleinuhringi, pizzur, djúpstektan kjúkling, franskar kartöflur, nagga og núðlur. Upp með sokkana Íslendingar!

Guðbjörn Svansson
gudjorng@kettibellis.is



STUÐNINGSMANNAFÉLAGIÐ
ROTHÖGGIÐ FER MIKINN



Mynd/ragnibols



**Sunnudaginn 10. maí 2015
Í Grensáskirkju kl. 20:30**

Á efnisskrá eru að venju létt og fjörug íslensk og erlend lög við undirleik hljómsveitar.

Þar má meðal annars finna lög eins og „Vor í Vaglaskóg“, „Bláa augun þín“, „Góða ferð“ og „Angels“ svo fáein séu nefnd.



Miðaverð er 2500 kr. við inngang en 2000 kr. í forsölu í síma 892-9248, forsala.mosfellskorinn@gmail.com og hjá kórflögum.

<http://mosfellskorinn.t23.is/> <https://www.facebook.com/groups/mosfellskorinn/>

© Mosfellskorinn 2015

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

Sími: 586 8080

www.fastmos.is

STELPURNAR FREISTA ÞESS
AÐ VINNA ÞREFALT Í ÁR



Afturelding í einvígi við HK • Leikur á sumardaginn fyrsta

Jafnt í rimmunni

Á mánudagskvöldið léku Afturelding og HK annan leik sinn um Íslandsmeistartitil kvenna í blaki og jafnaði Afturelding metin í 1:1, eftir óvænt tap í fyrsta leik úrslitanna.

Afturelding vann fyrstu hrinuna 25:15 en HK svaraði með 25:15-sigri í næstu hrinu. Aftureldingarstúlkur komu mjög skvæðnar til leiks í hrinu þrjú og unnu hana örugglega 25-12. Í fjórðu hrinu var síðan jafnt framan af en með góðri varnarvinnu og vel uppsettum sóknum var Afturelding sterkari og vann hrinuna 25-20 og leikinn 3-1 fyrir framan fjölmarga stuðningsmenn Aftureldingar sem voru mættir til að styðja sitt lið. Besti leikmaður vallarins var fyrirlíðinn

og íþróttakona Aftureldingar, Zaharina Filipova, með 20 stig og þær Auður Anna og Fjólá Rut með 9 stig.

Næsti leikur verður á sumardaginn fyrsta að Varmá og hefst leikurinn kl. 13:00.

Fjórði leikurinn verður síðan á sunnudaginn 26. apríl kl. 14:00 í Þrögnalundi.

Eftir fimmta leiks kemur verður hann að Varmá þriðjudaginn 28. apríl kl. 19:00.

Mosfellingar eru hvattir til að mæta á leikinn á sumardaginn fyrsta og hvetja stelpurnar okkar áfram í átt að Íslandsmeistaratitli. Stuðningur þæjarbúa við keppnisliðin okkar skipta okkur öll miklu máli.



FELAGAR ÚR SKÁKKLÚBBI
MOSFELLSBÆJAR

Sveinn Ingi páskameistari

Páskamót skákkúbbs Mosfellsbæjar var haldið 1. apríl í Rauðakrosshúsinu. Átta keppendur voru mættir til leiks og var teflid tvöföld umferð, 2x7 mín á skák. Sveinn Ingi Sveinsson kennari (3 frá vinstri) sigraði með miklum yfirburðum, hlaut 12 1/2 vinning af 14 mögulegum. Í öðru sæti varð Dorin Tamasan með 8 1/2 vinning og í þriðja sæti Þormar Jónsson með 7 1/2 vinning.

HÖPPUKASTALAR TIL LEIGU

Tilvalið fyrir
afmæli, ættarmót,
götugrill og önnur
hátíðarhöld.

 /hoppukastalar • S. 690-0123



FJÖLSKYLDUTILBOÐ Á SUNNUDÖGUM

4 HAMBORGARAR, FRANSKAR
OG 2L. COKE®. Á 3.490 KR.

Líter af ís í kaupbæti



Þakkarávarp

Ég færi þakkið öllum þeim sem heirduðu mig, níðræði, í bókasafninu þriðjudagskvöldið 14. apríl s.l.

Við undirbending kvöldsins mæddi mest á bókasafnskónum, þeim Mörtu Richter forsöðukonu, Helgu Jónsdóttur, Mátríði Finnbogadóttur, Jónu Margréti Guðmundsdóttur og öllum hinum bókavörðunum. Einnig tóku til hendi í framkvæmdanfing Sigurður Ingvi Smárason klarinettureikari, Atli Guðlaugsson skólastjóri Listaskóla Mosfellsbæjar og Bjarki Bjarnason rithöfundur.

Tónlistarfólkinu er ég afar þakklátt hverjum einum; Gunnari Kvaran, sellóleikara, Hauki Guðlaugssyni, píanóleikara, Sigrúnu Hjálmyrdóttur (Diddú) söngvara, Önnu Guðmúndsdóttur, píanóleikara, Sigríði Ingva Snorransyni, hljómborðsleikara. Söngkonunum ungu; Ásgerði Eltlu



Magnúsdóttur, Birta Reynisdóttur, Guðrún Yr Eyfjóru, Þóru Björgu Ingimundardóttur, söngkennara þeirra, Ragnheiði Árnadóttur og Atla Guðlaugssyni, skólastjóra fyrir að útseja fyrir kvartettinn lag Björgvins Guðmundssonar „Þei, þei og ró, ró“.

Um leið og ég þakka þeim öllum hvet ég ungu söngkonurnar, til þess að halda áfram að sýnja saman og láta í sér heyra.

Vorboðum og Páli Helgassyni þakka ég enn og aftur fyrir 10 ára gefandi samfélag.

Mér hlýnaði um hjartærætur að finna velvildina streyma frá öllum þeim fjölda sem kom við í bókasafninu, færði gjafir, blóm og faðmöll. Þetta var ógleymanlegt, ég er óendanlega þakklát.

Guðrún Tómasdóttir

Allt í plasti

70 milljónir plastpokar

Fram hefur komið þingskýlktunartillaga frá fulltrúum allra stjórnmalaflokka, sem eiga sæti á Alþingi, um að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að leita leiða til að minnka plastpokanotkun hérlandis. Hér er um þingsjöfnfrámáð að ræða og tók umhverfisnefnd Mosfellsbæjar tillitgöngu til umfjöllunar á fundi sínum hinn 16. apríl s.l.

Í greinargerðu með þingskýlktunartillögunni segir meðal annars: „Það er allkunn að plastpokar og aðrar plastumbúðir utan um matvæli og efnavörur hafa skaðleg áhrif á umhverfið. Plast eykur eftirspurn eftir olíu og það brotnar treгла niður í náttúrunni... Fram kemur í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir árin 2013–2024 að seta megi að um 70 milljónum plastpokar sé fleggt á hverju ári hér á landi en það er um 1.120 tonn, til þess að framleiða þennan fjölda poka þarf um 2.240 tonn af olíu.

Lettrir plastpokar eru að jafnaði ekki notaðir oftan en einu sinni en geta verið hundruð ára að eyðast í náttúrunni, oft í formi ósmárána plastagna sem geta verið skaðlegar náttúru, til að mynda fyrir lífríki hafsins. Þannig hafa hafstraumar smalað plastgöngum úr plastpokum og ýmsu öðru í gróðraörta fláka í Kyrrahafi, Atlantshafi og Indlandshafi.“

Margnota pokar á hvert heimili

Á síðasta fundi umhverfisnefndar kynnti Ólaf Sívertsen frá Heilsuvinn ehf. framvinduskýslu um verkefni félagsins: **Mosfellsbær – heilsufelldni samfélag**. Í kynningu hennar kom meðal annars fram að Heilsuvinn mun bráðlega dreifa á öll heimili í Mosfellsbæ margnota burðarpokum sem hægt er að nota í staðin fyrir plastpoka. Um er að ræða samstarfsverkefni Heilsu-



vinjar og Mosfellsbæjar og stefnt er að því að dreifing þokanna fari fram á Degi íslenskrar náttúru hinn 16. september n.k. Verkefnið verður kynnt rækilega í þjárfélaginu því mikilvægt er að hér verði um sameittil áttak íbúa, fyrirtækja og stofnana bæjarins að ræða.

Margt hjórnafólk hugar að umhverfinu og vill draga úr notkun plastumbúða. Þísa Andera er á Skeggjaðstöðum í Mosfellsveit er í þeim hópi og ein söbusta helgi birnistri víotal við hana í Fréttatímanum þar sem hún segir meðal annars: „Bæði borgir og heilu löndin eru orðin plastpokalaus og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að landsverði þar á meðal.“

Með innleiðingu blátununnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir fátíunum árum drö nokkuð úr plastpokanotkun. Samkvæmt upplýsingum frá Sorpu bs. má gera ráð fyrir að 40–60 þúsund ferri plastpokum sé hent þar í ruslið vegna þess að við aukna þáppendurvinnum er minna af úrgangi sett í plastpoka. En þetta má ef duga skal.

Það er augljós ávinningur fyrir umhverfið og okkur öll að draga sem mest úr notkun plastumbúða og plastpoka. Því eru allir bæjarbúar hvattir til að huga að þessum málium og stuðla þannig að betra umhverfi til allrar framtíðar. Þetta framtak hefur engin fjárhagsleg útgöld í för með sér en ávinningurinn verður margfaldaður fyrir okkur öll, jafnt sem komandi kynslóðir.

Sýnum frumkvæði í þessum efnum, Mosfellingar!

Áð lokum viljum við óska Mosfellingum og öðrum landsmönnum gleðilegs sumars.

Öm Jónasson, formaður umhverfisnefndar Mosfellsbæjar, Bjarki Bjarnason, varaformaður.



GJAFIR TIL HAMRA VEITIRAR BÓKASAFNINU

Nóg að gera hjá kvenfélaginu

